



Tollvarðafélag Íslands

Eftirfarandi ályktun félagsmanna Tollvarðafélags Íslands var samþykkt á aðalfundi TFÍ haldinn 10. mars 2017:

Aðalfundur Tollvarðafélags Íslands ályktar:

Félagar í TFÍ mótmæla harðlega stefnuleysi og linkind BSRB í garð samningsaðila undanfarin ár, hvort sem það varðar launamál eða önnur réttindi sem stéttarfélög hafa áunnið sér í áratuga langri baráttu.

Þetta á ekki síst við í málum er tengjast breytingum á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna veturinn 2016-17.

Félagar lýsa jafnframt vantrausti á stjórn BSRB og þó sérstaklega formann bandalagsins Elínu Björgu Jónsdóttur. Skoða verður alvarlega hvort hagsmunum félagsmanna TFÍ sé betur borgið utan bandalagsins, enda erfitt að sjá hvað áunnist hefur með aðild að bandalaginu undanfarinn áratug.

fh. TFÍ

Baldur Höskuldsson fundarstjóri